

Reginn hf.

Dagskrá og tillögur stjórnar Regins hf.

1. Ársreikningur

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2016 verði samþykktur.

2. Arður

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að ekki verði greiddur arður á árinu 2017, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

3. Starfskjarastefna

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að núverandi starfskjarastefna, sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 25. apríl 2016 verði samþykkt óbreytt.

4. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin bréfum.

Þann 21. apríl 2015 veitti aðalfundur félagsins stjórn heimild til að kaupa eigin hluti í félaginu en gerður var viðauki við samþykktir félagsins, sá viðauki er niður fallinn skv. efni sínu. Stjórn leggur ekki til tillögu um kaup á eigin bréfum.

5. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Stjórn Regins hf. leggur ekki til við aðalfund breytingar á samþykktum félagsins.

6. Kosning stjórnar félagsins

Framboðsfrestur til stjórnar félagsins rennur út **sjö dögum fyrir aðalfund** eða miðvikudaginn 8. mars nk. kl. 16:00.

Tilkynna skal skriflega um framboð til stjórnar. Í tilkynningu skal gefa auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Framboðum skal skila á skrifstofu Regins hf. í Smáralind, 1. hæð, Hagasmára 1, Kópavogi.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

7. Kosning endurskoðenda.

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, að KPMG hf. verði endurkjörð sem endurskoðandi félagsins til næsta árs. Er það í samræmi við tillögur endurskoðunarnefndar Regins hf.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir kjörtímabilið 2017.

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar- og nefndarlaun fyrir hvern mánuð árið 2017 verði þannig að þóknun hvers stjórnarmanns verði kr. 300.000 á mánuði og þóknun formanns stjórnar verði tvöföld þóknun stjórnarmanns. Varamönnum skuldu greiddar kr. 150.000 fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærra en kr. 300.000 fyrir hvern mánuð. Þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal vera kr. 60.000 fyrir hvern setinn fund.

9. Önnur mál löglega upp borin.

Aðrar upplýsingar:

Ofangreind dagskrá og tillögur, auk skjala sem lögð verða fyrir aðalfund, eru hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins að Smáralind, 1. hæð, að Hagasmára 1, 201 Kópavogi. Einnig eru skjölin aðgengileg á heimasíðu félagsins: www.reginn.is/fjarfestar.

Hægt er að nálgast umboðsform fyrir hluthafa á heimasíðu félagsins og þess er óskað að þau séu send rafrænt á reginn@reginn.is fyrir aðalfund.

Fundargögn verða afhent á aðalfundardegi og skráning á fundinn hefst kl. 15:30.

Fundinum verður einnig varpað í gegnum netið á eftirfarandi slóð:

<https://livestream.com/accounts/11153656/events/7069779/player>

Kópavogur, 1. mars 2017

Stjórn Regins hf.